

SJÁLFBÆRNISKÝRSLA 2025



ÍSTAK

EFNISYFIRLIT

Forsendur og stefna sjálfbærnivegferðar	4	Félagslegir þættir (S)	30
Um skýrsluna	5	Mannauður	32
Ávarp forstjóra	7	Öryggi og vinnuvernd	39
Stefnur og vottanir	9	Stjórnarhættir (G)	40
Helstu viðburðir ársins	11	Stjórn og framkvæmdastjórn	41
Árið í tölum	16	Skipurit	42
Umhverfispættir (E)	18	Reglur er varða stjórnarhætti	43
Áherslur félagsins og orkuskipti	19	Sjálfbærniflokkun ESB	44
Orku- og vatnsnotkun	21	Almennt um skyldur félagsins	45
Losun gróðurhúsalofttegunda	23	Reikningsskil samkvæmt Flokkunarreglugerð ESB	46
Líffræðilegur fjölbreytileiki og landnotkun	26	Hlítnitafla	48
Meðhöndlun úrgangs og efnisnotkun	27		





FORSENDUR OG STEFNA SJÁLFBÆRNIVEGFERÐAR

UM SKÝRSLUNA
ÁVARP FORSTJÓRA
STEFNUR OG VOTTANIR
HELSTU VIÐBURÐIR ÁRSINS
ÁRIÐ Í TÖLUM

ÍSTAK

UM SKÝRSLUNA

Ístak hf. er hlutafélag í skilningi laga um hlutafélög nr. 2/1995 og starfar við mannvirkjagerð. Velta félagsins á rekstrarárinu 2024/25 nam 27.590 milljónum króna og var stærð efnahagsreiknings félagsins á sama tíma 12.342 milljónir króna. Rekstrarár Ístaks spannar tímabilið frá 1. október til 30. september ár hvert. Fjöldi ársverka rekstrarársins 2024/25 var 413 í samanburði við 523 ársverk árið á undan og fór starfsemi félagsins að langmestum hluta fram á Íslandi auk framkvæmda á Grænlandi. Helstu eignir félagsins eru fasteignir og tækjabúnaður, að mestu staðsett við og í námunda við höfuðstöðvar þess í Mosfellsbæ, fasteign á Ásbrú í Reykjanesbæ auk þess sem tækjabúnaðar er einnig staðsettur á framkvæmdastöðum og við námuvinnslu þess í Stapafelli. Þá er félagið með höfuðstöðvar sínar að Bugðufljóti í Mosfellsbæ auk skrifstofuaðstöðu að Engjateig í Reykjavík, Dalshrauni í Hafnarfirði og á verkstöðum hverju sinni.

Ístak hf. er leiðandi verktaki í mannvirkjagerð á Íslandi og ber sem slíkur samfélagslega ábyrgð og skyldur í störfum sínum. Án þess að það teljist til lagalegra skyldu telur félagið það hins vegar vera mikilvægan lið í samfélagslegri ábyrgð sinni að miðla upplýsingum um hvernig það mætir sjálfbærni í rekstri og framkvæmdum og hvaða markmið félagið setur sér

í þeim efnum. Ístak hefur því ákveðið að ráðast í gerð fyrstu sjálfbærniskýrslu sinnar með framangreint í huga.

Þar sem um fyrstu sjálfbærniskýrslu Ístaks er að ræða mun hún fyrst og fremst veita gagnsæja mynd af núverandi stöðu Ístaks í sjálfbærnimálum, draga fram helstu mælikvarða félagsins vegna þeirrar vinnu og setja því skýr og árangurstengd markmið til framtíðar í sjálfbærnimálum. Þá verða helstu stefnur Ístaks er snúa að sjálfbærni tengd þeirri vinnu sem mun gefa stefnunum ríkari tilgang í daglegum rekstri félagsins.

Félagið hefur ákveðið að skýrslan skuli byggð upp á grunni VSME staðalsins (e. Voluntary Sustainability Reporting Standard for non-listed SMEs) og fylgja grunnviðmiðum hans (e. VSME standard – Basic Module). Var sá staðall og viðmið fyrir valinu þar sem hann var þróaður fyrir fyrirtæki sem falla ekki undir lagaskyldu um sjálfbærniskýrslugerð (CSRD) en vilja engu að síður miðla upplýsingum um sjálfbærni í rekstri sínum á viðurkenndan og samræmdan hátt sem samsvarar lagaskyldu um slíka skýrslugerð. Að mati félagsins er þ.a.l. tryggt að efnið sem fram kemur í skýrslunni sé sett fram á skýran og samanburðarhæfan hátt og gerir einnig reiðubúið

til að svara lagaskyldu til sjálfbærniskýrslugerðar muni slík skylda ná til félagsins í náinni framtíð. Að lokum tryggir notkun á VSME staðlinum samræmt vinnulag við móðurfélag Ístaks, Per Aarsleff Holding A/S, staðsett í Danmörku, sem ber skylda til sjálfbærniskýrslugerðar (CSRD) í samræmi við þarlenda löggjöf.

Skýrslan nær til rekstrarársins 2024/25 og tekur einvörðungu til starfsemi Ístaks hf. nema annað sé sérstaklega tekið fram. Séu frávik á upplýsingagjöf skýrslunnar í samanburði við grunnviðmið VSME staðalsins er slíkt sérstaklega tekið fram og gerð grein fyrir ástæðum þess að viðkomandi upplýsingar eru ekki birtar, hvort sem upplýsingarnar séu ekki tækar eða um sé að ræða viðkvæmar- eða trúnaðarupplýsingar. Séu upplýsingar ekki birtar sökum þess að þær séu ekki tækar mun félagið stefna að upplýsingagjöf henni tengdri í framtíðarskýrslum með aukinni gagnaöflun.



ÁVARP FORSTJÓRA

Ístak er leiðandi verktaki í mannvirkjagerð og ber sem slíkur ríka ábyrgð gagnvart öllum hagaðilum sínum, ekki síst samfélaginu í heild. Sem traustur samstarfsaðili veigrar Ístak sér ekki undan því að axla ábyrgð sem endurspeglast í daglegu amstri okkar og þeim verkefnum sem við sinnum. Sjálfbærni er órjúfanlegur hluti af starfsemi félagsins og leiðarljós í starfsemi okkar. Með því að setja okkur markmið, mæla árangur og miðla upplýsingum um sjálfbærniþætti félagsins viljum við styrkja stöðu okkar sem leiðandi aðili í mannvirkjagerð með sjálfbæra framtíð að markmiði.

Á rekstrarárinu 2024/25 tók Ístak þátt í fjölmörgum krefjandi verkefnum sem áhrif höfðu á samfélagið til skemmri og lengri tíma en umfangsmest voru verkefni á sviði innviðauppbýggingar á Íslandi. Við höfum á undanförnum árum lagt sérstaka áherslu á orkuskipti í vélum og tækjum, innleiðingu grænna lausna í innkaupum og hvatt verkkaupa okkar til að setja fram kröfur um vistvænar lausnir í verkefnum. Nú sjáum við þessa þróun raungerast, verkkaupar leggja í vaxandi mæli áherslu á umhverfislega ábyrga framkvæmd og samdrátt í losun og við erum stolt af því að geta mætt þeim kröfum með reynslu okkar og sérfræðipækkingu að vopni.

Sjálfbærni snýst ekki aðeins um að draga úr umhverfisáhrifum heldur líka um að hlúa að starfsfólkinu. Við leggjum ríka áherslu á að byggja upp öruggan, aðlagandi og fjölbreyttan vinnustað þar sem allt starfsfólk hefur jöfn tækifæri til að vaxa og þróast. Mannauðurinn er mikilvægasta auðlind Ístaks og því höfum við sett okkur skýrar stefnur og afluð vottana á sviði gæðastjórnunar, jafnréttis og umhverfismála. Þannig tryggjum við að mannauðurinn fái að blómstra og sé fær um að vera drifkraftur áframhaldandi vaxtar og framfara hjá félaginu.

Góðir stjórnarhættir eru hornsteinn traustar og ábyrgar starfsemi Ístaks. Við leggjum áherslu á gagnsæi, ábyrgð og fagleg vinnubrögð í öllum okkar störfum, hvort sem um ræðir innri stjórnun eða í samskiptum við hagaðila. Við teljum að traust til okkar sé byggt upp með því að taka ábyrgar og framsæknar ákvarðanir sem fylgt er eftir, fylgja lögum og reglum og hlusta á raddir allra sem tengjast starfseminni. Með þessum hætti viljum við styrkja stöðu Ístaks sem trausts samstarfsaðila og leiðandi fyrirtækis í mannvirkjagerð.



Karl Andreassen
Forstjóri



Þetta er fyrsta sjálfbærniskýrsla Ístaks og er hún mikilvægt skref í þegar hafinni sjálfbærnivegferð okkar. Skýrslan er unnin í samræmi við VSME staðalinn sem tryggir samhljóm í upplýsingagjöf við móðurfélag okkar, Per Aarsleff Holding A/S, og leggur grunn að reglubundinni, markvissri og samanburðarhæfri sjálfbærniskýrslugerð. Framundan eru spennandi tímar í mannvirkjagerð þar sem umhverfisleg og samfélagsleg ábyrgð verða sífellt mikilvægari þættir í verkefnavali og framkvæmd. Við hjá Ístaki erum staðráðin í að vera áfram í fararbroddi í þeim efnum, hvort sem það snýr að orkuskiptum, vistvænni byggingarlausnum eða því að stuðla að jákvæðum samfélagsáhrifum.

Ég vil þakka starfsfólki Ístaks fyrir ómetanlegt framlag á árinu 2025 sem og fyrri ár. Án þess væri ekki unnt að halda uppi því trausti, ábyrgð og framsækni sem einkenna starfsemi félagsins.

Karl Andreassen
Forstjóri

STEFNUR OG VOTTANIR

Sjálfbærnivegferð Ístaks byggir á fjölda stefna sem félagið hefur sett sér beint eða óbeint með sjálfbærni í huga. Ber það merki um að starfsemi Ístaks er þegar mótuð að miklu leyti af sjálfbærri hugsun stjórnenda og starfsfólks félagsins.

Ístak starfar eftir skýrri umhverfisstefnu og hefur fengið ISO14001 vottun á umhverfisstjórnunarkerfi sitt auk þess sem félagið hefur sett sér jafnréttis- og jafnlaunastefnu þar sem jafnlaunakerfi þess hefur hlotið vottun samkvæmt ÍST 85:2012. Þær viðurkenningar sem þessar vottanir veita tala beint inn skyldur félagsins hvað sjálfbærni varðar.

Ístak starfar einnig eftir samskiptastefnu, viðbragðsáætlun vegna óæskilegrar hegðunar og öryggis- og vinnuverndarstefnu sem eiga að tryggja tiltekið verklag með hagsmuni starfsfólks félagsins og félagslega þætti í huga með öryggi, vellíðan og virðingu á vinnustaðnum að leiðarljósi. Þá starfar félagið einnig eftir siðareglum, reglum um vernd uppljóstrara og reglum um uppljóstrarakerfi auk þess sem markaðsstefna og innkaupastefna Ístaks marka spor sín í sjálfbærnivegferð félagsins hvað varðar umhverfislega, félagslega og stjórnunarlega þætti.

Að lokum skal þess getið að félagið starfar samkvæmt ISO 9001 vottuðu gæðakerfi og án þess að hafa bein áhrif á sjálfbærnivegferð þess styður það kerfi við þá vegferð með óbeinum hætti enda tryggir kerfið fagleg vinnubrögð og stöðugar umbætur.





ISO 9001
Quality
Management
Systems
CERTIFIED

ISO 14001
Environmental
Management
CERTIFIED

ÍST
85:2012
Equal Wage
Management System
CERTIFIED



HELSTU VIÐBURÐIR ÁRSINS



Q1

OKT / NÓV / DES 2024



Afhending á **Apron** fyrir Isavia.

Fyrsta skóflustungan var tekin í Safamýri að tveimur fjölbýlishúsum fyrir **Bjarg**, steipt úr forsteiptum einingum framleiddum af Ístaki.



Q2

JAN / FEB / MARS 2025



Nýtt svið stofnað, **innri þjónusta**.
Markmið sviðsins er að auka
og samræma þjónustu við verk
félagsins, þ.m.t. í öryggis- og
gæðamálum. Thomas Skov Jensen
settur framkvæmdastjóri yfir sviðinu.

#TeamVarnagarðar styðja
við bakið á knattspyrnudeild
Ungmennafélags Grindavíkur.



Isavia, ný landgöngubró
tekin í notkun.



Ístak tekur þátt í **Framadegi** líkt og
undan farin ár og kynnir starfsemi Ístaks
fyrir nemendum Háskólans í Reykjavík.



Q3

APRÍL / MAÍ / JÚNÍ 2025



Árshátíð Ístaks var haldin í Varsjá í Póllandi. Í tilefni 55 ára afmælis Ístaks fóru 180 manns á vegum félagsins í fyrstu árshátíð þess erlendis, ferðin heppnaðist með eindæmum vel.



Ístak lagði sitt af mörkum til styrktar **Píeta** samtökunum þegar Bergur Vilhjálmsson vakti athygli á geðheilbrigðismálum og gekk frá Goðafossi til Reykjavíkur með 100 kg kerru í eftirdragi. Starfsmenn vélsmiðu Ístaks hönnuðu og smíðuðu kerruna fyrir hann.

Göngu- og hjólabrú yfir Sæbraut komið fyrir á sínum stað sem mun auka mjög á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.



Fjölskyldudagur Ístaks var haldinn hátíðlegur í **Guðmundarlundi** þetta árið og heppnaðist dagurinn vel. Grilluð epli, brauð og pylsur og fylgst með skemmtiatriðum.



Skrifað var undir samning um uppbyggingu nýs grunn- og leikskóla, **Hamranesskóla í Hamranesi** í Hafnarfirði. Heildarstærð skólans verður um 8.800 fermetrar að stærð.

Q4

JÚLÍ / ÁGÚST / SEPTEMBER 2025



Vaðölduver fór af stað. Undir samninginn fellur bygging á járnbentum og steinsteyptum undirstöðum fyrir 28 vindmyllur á 17 km² svæði, sem og gerð kranastæða fyrir uppsetningu vindmyllanna ásamt jarðvinnu. Ístak reisir einnig um 1000m² safnstöð á svæðinu.



Ístak hefur unnið að fiskeldisstöð í Þorlákshöfn fyrir **First Water**. Fyrsti fiskurinn var settur í ker hjá þeim á þessum tíma.

Hjúkrunarheimilið Boðarþing formlega tekið í notkun. Ístak sá um uppbyggingu mannvirkisins sem uppfyllir kröfur um nútímalega hönnun og góða aðstöðu.



Ístak og Samherji skrifuðu undir samninga um **Eldisgarð**, fiskeldisstöð á Reykjanesi sem byggð verður í þremur áföngum og á að verða ein hagkvæmasta og umhverfisvænasta fiskeldisstöð í heimi. Áætlað er að fullbyggður eldisgarður muni geta framleitt um 40.000 tonn af laxi á ári.



ÁRIÐ Í TÖLUM

LOSUNARSTUÐULL

0,25 CO₂Í
kg/velta þús. ISK

KOLEFNISFÓTSPOR

6.881 tCO₂Í
Umfang 1 og 2

HLUTFALL FLOKKAÐS ÚRGANGS


79%
Markmið 80%

SJÁLFBÆRNIFLOKKUN ESB

85%
af samsettum tekjum

72%
af fjárfestingum

KYNJAHLUTFALL



VEIKINDAHLUTFALL

4%
Markmið undir 3%

STARFSÁNÆGJA

94%
Markmið yfir 80%

FJARVERA VEGNA SLYSA

18
Markmið 0



UMHVERFISÞÆTTIR (E)

ÁHERSLUR FÉLAGSINS OG ORKUSKIPTI
ORKU- OG VATNSNOTKUN
LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA
LÍFFRÆÐILEGUR FJÖLBREYTILEIKI OG LANDNOTKUN
MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS OG EFNISNOTKUN



ÍSTAK

ÁHERSLUR FÉLAGSINS OG ORKUSKIPTI

Ístak hefur statt og stöðugt unnið að því að draga úr mengun sem hlýst af starfsemi félagsins með hvaða hætti sem unnt er. Líkt og að framan greinir hefur verið lögð áhersla á samdrátt í losun frá verkefnum félagsins fyrir sína verkkaupa auk þess að huga að eigin innviðum og möguleikum til samdráttar í losun í daglegri starfsemi.

Félagið hefur að miklu leyti horft til orkuskipta tækja og véla í rekstri þess sem sitt helsta tækifæri til að draga úr umhverfisáhrifum. Við endurnýjun á tækjakosti hefur verið fjárfest í rafmagnstækjum, séu þau almennt í boði, og eru nú 35 bílar og tæki í rekstri félagsins sem aðeins eru knúin rafmagni til samanburðar við 30 bíla og tæki á síðasta rekstrarári, þ.e. 16,7% aukning milli ára. Sé framboð rafmagnstækja takmarkað hefur félagið lagt áherslu á endurnýjun tækjaflota síns þar sem umtalsverður munur er á umhverfisáhrifum nýrra tækja og véla samanborið við eldri tækjakost þar sem nýjar vélar og tæki eru búin töluvert öflugri mengunarvarnarbúnaði og brenna þau minni olíu við notkun. Þá hefur notkun á lífdísel (HVO100) aukist verulega í

rekstri félagsins með tilheyrandi samdrætti í umhverfisáhrifum rekstursins.

Samhliða framangreindri aukinni fjárfestingu í rafmagnstækjum hefur félagið byggt upp innviði sína til að mæta aukinni notkun rafmagnstækja með uppsetningu á rafhleðslustöðvum, bæði við höfuðstöðvar að Bugðufljóti í Mosfellsbæ sem og í verkum félagsins. Um þessar mundir eru 18 staðbundnar hleðslustöðvar við fasteignir félagsins og 29 færanlegar hleðslustöðvar á verkum þess til þjónustu þeirra, bæði fyrir eigin tæki sem og tækjakost undirverktaka. Stefnt er að því að auka verulega við fjölda hleðslustöðva til þjónustu við ört stækkandi rafmagnsflota og eru áætlanir um að bæta við 7 staðbundnum hleðslustöðvum og tveimur tvöföldum færanlegum hleðslustöðvum auk þess sem fjárfest verður í nýrri 900 amp. heimtaug við höfuðstöðvar félagsins til að mæta aukinni orkupörf í rekstri við orkuskipti.



Stefnt er að því að rafmagnsvæða námuvinnslu félagsins að Stapafelli að fullu með því að stækka heimtaug að námuvinnslunni. Ný heimtaug getur þjónustað námuvinnsluna þannig að öll vélknúin starfsemi að Stapafelli verði unnin með rafknúnum vélum og tækjum.

Fjárfestingar til orkuskipta og annars samdráttar í losun frá vélum og tækjum nema um 600 milljónum króna árlega, þ.e. til kaupa á hreinorkutækjum, endurnýjunar jarðefnaeldsneytistækja og uppbyggingar nauðsynlegra innviða vegna orkuskipta félagsins.

Lausagangur¹ véla og tækja fyrirtækja í mannvirkjagerð hefur lengi þótt eðlilegur fylgifiskur framkvæmda. Til að breyta því hugarfari lagði Ístak upp í metnaðarfulla vegferð með starfsfólki sínu um samdrátt á lausagangi allra tækja og véla í eigu félagsins. Mælingar á lausagangi í framangreindum tilgangi hófust á árinu 2023 og hefur mældur lausagangur allra tækja og véla statt og stöðugt dregist saman og var hann 14% á rekstrarárinu 2024/25 til samanburðar við 16% rekstrarárið á undan. Þá hefur félagið og starfsfólk þess gert það að markmiði sínu að mældur lausagangur allra tækja og véla verði ekki meiri en 10% rekstrarárið 2027/28 samkvæmt stefnu þess sem tekur til áranna 2025-2028.

Þrátt fyrir mikla áherslu á orkuskipti véla og tækja hefur félagið einnig horft til annarra leiða til að draga úr umhverfisáhrifum starfsemi sinnar, t.a.m. með vistvænni innkaupum. Þegar kemur að mannvirkjagerð hafa byggingarefni verkanna mikil áhrif á umhverfisáhrif félagsins og hefur það þ.a.l. horft til innkaupa á byggingarefnum með vottaða framleiðsluferla sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Helst er að nefna stál og steypu, hvort sem samdrátt megi rekja til framleiðslunnar sjálfrar eða afhendingar á byggingarefninu á verkstað.

¹Lausagangur er sá tími þegar véla- og tækjabúnaður starfar á grunnsnúningi (idle speed) án þess að nokkur afköst, framleiðsla eða vinna sé af þeim, sem leiðir til óþarfa eldsneytisnotkunar og losunar gróðurhúsalofttegunda.



ORKU- OG VATNSNOTKUN

Ístak heldur bókhald um heildarorkunotkun sína sem uppfyllir kröfur VSME staðalsins og birtir upplýsingar um notkun eldsneytis, raforku og á heitu vatni. Hvað varðar notkun á köldu vatni er upplýsingum ekki safnað sérstaklega enda erfitt í framkvæmd þar sem engin opinber skráning er á notkun á köldu vatni hér á landi eins og á við um heitt vatn. Þá starfar félagið hvergi á skilgreindum svæðum þar sem vatnsauðlindir eru undir miklu álagi eða skorti (e. high water-stress areas) og er félagið ekki í framleiðslustarfsemi sem krefst óvenjulega mikillar vatnsnotkunar í skilningi staðalsins líkt og í landbúnaði eða við orkuframleiðslu.



Svartsengi

Eldsneyti

Starfsemi Ístaks krefst mikillar orku í formi eldsneytis og rafmagns. Sú notkun er þó af stærstum parti að rekja til reksturs einstakra verkefna fyrir hina ýmsu verkkaupa og eykst notkun á eldsneyti og rafmagni samhliða auknum umsvifum félagsins á markaði mannvirkjagerðar. Félagið hefur þó samhliða auknum umsvifum o.þ.a.l. aukinni orkunotkun lagt upp með fyrrgreint átak með starfsfólki félagsins sem miðar að því að draga úr lausagangi tækja og véla með góðum árangri auk þess að leggja áherslu á endurnýjun tækjakosts með tilheyrandi samdrætti í eldsneytisnotkun o.þ.a.l. mengun af þeirra völdum. Aukin umsvif félagsins hafa þ.a.l. ekki orðið til sambærilegrar aukningar á eldsneytisnotkun eins og ætla mætti.

Tegund eldsneytis	Eining	2022/23	2023/24	2024/25
Bensín	Lítrar	33.647	50.483	50.057
Dísel	Lítrar	1.904.222	2.432.852	2.475.241
Lífrænn dísel HVO100	Lítrar			639.267

Raforkunotkun

Öfugt á við eldsneytisnotkun félagsins eru til rekjanlegar upplýsingar um raforkunotkun þess eftir staðsetningu sem veitir félaginu möguleika á að upplýsa um eigin raforkunotkun til samanburðar við raforkunotkun við rekstur einstakra verkstaða. Í þeim tilvikum þar sem félagið hefur ekki upplýsingar um notkun sína á rafmagni einstakra verkstaða

er það á ábyrgð þess aðila sem greiðandi er að notkuninni að gefa hana upp í sínu bókhaldi eða skýrslugjöf enda myndi að öðrum kosti vera hætta á tvítalningu notkunarinnar.

Af meðfylgjandi töflu má sjá að raforkunotkun félagsins til eigin nota á rekstrarárinu 2024/25 er 1.320.776 kWh til samanburðar við 1.984.257 kWh notkun við rekstur allra verkstaða á vegum félagsins. Rafmagnsnotkun á ábyrgð Ístaks er þ.a.l. 3.305.033 kWh á rekstrarárinu 2024/25.

Umtalsverðan mun má sjá á raforkunotkun á milli ára sem rekja má til mismunar í notkun við rekstur verkstaða. Þá hefur félagið lagt upp í fjárfestingu við að setja hitaveitukyndingu í stað kyndingar með rafmagni á húsnæði þess að Bugðufljóti 21. Það mun hafa í för með sér samdrátt á rafmagnsnotkun félagsins til eigin nota en á sama tíma auka á notkun þess á heitu vatni. Fjárfestingin hefur þó jákvæð umhverfisleg áhrif í för með sér þar sem áhrif notkunar á heitu vatni við kyndingu húsnæðisins er töluvert umhverfisvænni en núverandi kynding

Staðsetning	Eining	2022/23	2023/24	2024/25
Bugðufljót 19	kWh	766.937	744.527	776.761
Bugðufljót 21	kWh	760.373	561.176	489.924
Stapafellsnáma	kWh	33.437	32.507	29.410
Breiðbraut 674	kWh	23.327	19.193	17.884
Dalshraun 1b	kWh	0	0	6.797
Verkstaðir	kWh	2.378.575	2.890.667	1.984.257
Samtals	kWh	3.962.649	4.248.070	3.305.033

með rafmagni. Að lokum er rétt að geta þess, í samræmi við framangreinda umfjöllun um orkuskipti, að stefnt er að fjárfestingum í tækjabúnaði og innviðum í Stapafellsnámu á rekstrarárinu 2025/26 sem mun hafa í för með sér aukningu á rafmagnsnotkun á því svæði sem og að Bugðufljóti 19 en um leið draga úr eldsneytisnotkun félagsins.

Heitavatnsnotkun

Upplýsingagjöf félagsins er varðar heitavatnsnotkun er takmörkuð við notkun í eigin húsnæði. Slík upplýsingagjöf er þó að fullu í samræmi við kröfur VSME staðalsins þó svo að notkun á heitu vatni á vegum félagsins á öðrum svæðum sé sannanlega til staðar. Í þeim tilvikum þar sem félagið hefur ekki upplýsingar um notkun sína á heitu vatni er það á ábyrgð þess aðila sem greiðandi er að notkuninni að gefa hana upp í sínu bókhaldi eða skýrslugjöf enda myndi að öðrum kosti vera hætta á tvítalningu notkunarinnar. Líkt og að framan greinir um rafmagnsnotkun félagsins er enn engin notkun á heitu vatni að Bugðufljóti 21 en vænta má notkunar á rekstrarári 2025/26.

Heitt vatn	Eining	2023/24	2024/25
Bugðufljót 19	m³	34.165	37.451
Bugðufljót 21	m³	0	0
Breiðbraut 674	m³	3.276	3.269
Verkstaðir	m³	102	173
Samtals	m³	37.543	40.893

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Ístak tekur saman upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda og fylgir losunarstuðlum Umhverfisstofnunar við útreikninga sína. Við samantektina flokkar félagið losun sína eftir umfangi 1, 2 og 3 og byggir upplýsingagjöf á þeirri flokkun sem er í fullu samræmi við kröfur VSME staðalsins. Ekki er gerð krafa um birtingu losunar samkvæmt umfangi 3 en félagið hefur hins vegar valið að birta einnig upplýsingar um losun samkvæmt því umfangi svo að heildstæðari mynd fáiist á losun gróðurhúsalofttegunda á ábyrgð félagsins.



Orkuveituhúsið

Umfang 1

Bein losun gróðurhúsalofttegunda á ábyrgð Ístaks er vegna eldsneytisnotkunar sem rekja má aðallega til losunar frá vinnuvélum, tækjum og ökutækjum. Við útreikninga á beinni losun er stuðst við upplýsingar um magn eldsneytiskaupa.

Samkvæmt upplýsingaöfluninni má merkja aukningu á beinni losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára og mun félagið setja sér markmið um að auka ekki á losun næsta árs. Hins vegar, líkt og fyrr greinir, er eðli starfsemi félagsins slík að með auknum umsvifum verður óhjákvæmilega aukning í beinni losun gróðurhúsalofttegunda. Félagið mun þó halda áfram á vegferð sinni í átt að samdrætti í notkun á eldsneyti með aukinni fjárfestingu í orkuskiptum véla- og tækjabúnaðar sem og endurnýjun tækja, sé ekki unnt að fjárfesta í rafmagnstækjum sökum framboðsskorts. Þá mun félagið áfram leggja áherslu á að draga úr lausagangi véla og tækja.

Samsetning losunar	Eining	2022/23	2023/24	2024/25
Bensín	tCO ₂ í	79	118	117
Dísel	tCO ₂ í	5.179	6.617	6.733
Lífrænn dísel HVO100	tCO ₂ í	-	-	3
Samtals umfang 1	tCO ₂ í	5.258	6.735	6.853

Umfang 2

Óbein losun gróðurhúsalofttegunda á ábyrgð Ístaks er vegna raforkunotkunar sem rekja má til starfsemi félagsins. Við útreikninga er, líkt og við á um upplýsingaöflun vegna raforkunotkunar, tekin saman losun sem rekja má til eigin nota annars vegar og losun sem rekja má til reksturs verkstaða í þágu verkkaupa hins vegar. Saman myndar losun þeirra beggja heildarlosun samkvæmt umfangi 2 á ábyrgð Ístaks.

Samdráttur í óbeinni losun á milli rekstrarára er fagnaðarefni og mun félagið áfram stuðla að ábyrgri notkun raforku. Vonir standa til um að áframhaldandi samdráttur verði í óbeinni losun frá Bugðufljóti 21 með innleiðingu á hitaveitukyndingu húsnæðisins í stað kyndingar með rafmagni. Hins vegar má reikna með aukningu á óbeinni losun að Stapafellsnámu sökum rafvæðingar hennar á vélum og tækjum sem og að

Samsetning losunar	Eining	2022/23	2023/24	2024/25
Bugðufljót 19	tCO ₂ í	7,9	6,4	6,6
Bugðufljót 21	tCO ₂ í	7,8	4,8	4,2
Stapafellsnáma	tCO ₂ í	0,3	0,3	0,3
Breiðbraut 674	tCO ₂ í	0,2	0,2	0,2
Dalshraun 1	tCO ₂ í	0,0	0,0	0,1
Verkstaðir	tCO ₂ í	24,5	24,7	16,9
Samtals umfang 2	tCO ₂ í	41	36	28

Bugðufljóti 19 sökum innviðauppbýggingar félagsins vegna markmiða þess um orkuskipti. Sú aukning mun hins vegar leiða til samdráttar í beinni losun félagsins samkvæmt umfangi 1 sökum þess að minna eldsneyti verði keypt til reksturs námunnar, tækjakosts tengdum henni og annarra ökutækja sem nýta munu rafhleðslustöðvar að Bugðufljóti 19.

Umfang 3

Að lokum birtir félagið losun á gróðurhúsalofttegundum á ábyrgð þess samkvæmt umfangi 3. Losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt umfangi 3 má rekja til úrgangslosunar annars vegar og flugferða starfsfólks á þess vegum hins vegar.


Samsetning losunar	Eining	2022/23	2023/24	2024/25
Úrgangur	tCO ₂ í	462	713	397
Flugferðir	tCO ₂ í	558	711	328
Samtals umfang 3	tCO ₂ í	1.020	1.423	725

Losunarstyrkur

Losunarstyrkur Ístaks veitir innsýn inn í tengsl losunar félagsins samanborið við umfang reksturs þess. Losunarstyrkur (GHG Intensity) þekkist einnig sem Losunarkræfni og er um sama hugtak að ræða við samanburð við uppgefinn losunarstyrk samkvæmt sjálfbærniskýrslugjöf annarra fyrirtækja.

Losunarstyrkur er reiknaður sem hlutfall beinnar og óbeinnar losunar samkvæmt umfangi 1 og 2 til móts við heildarveltu. Samkvæmt kröfum VSME staðalsins skal við útreikning miða við heildarveltu í evrum en sökum þess að ársreikningur félagsins er gerður upp í íslenskum krónum, langstærstur hluti reksturs félagsins fer fram í íslenskum krónum og Ístak starfar á samkeppnismarkaði á Íslandi þar sem helstu samanburðarfélög þess gera rekstur sinn upp í íslenskum krónum hefur félagið valið að veita upplýsingar um losunarstyrk sinn út frá íslenskum krónum en ekki evrum. Sú framsetning tryggir gagnsæi í upplýsingagjöf og samanburðarhæfni hennar á markaði íslenskrar mannvirkjagerðar.

Losunarstyrkur er gefinn upp í hlutfallinu kgCO_2 í á móti heildarveltu félagsins í þúsundum íslenskra króna en losun félagsins samkvæmt framangreindri umfjöllun um umfang 1 og 2 er gefinn upp í tCO_2 í samræmi við kröfur staðalsins. Til að tryggja samanburð á losunarstyrk félagsins við upplýsingar um losunarstyrk annarra fyrirtækja er framangreint hlutfall það sama og ef losunarstyrkur væri gefinn upp í tCO_2 í á móti milljónum íslenskra króna.



kg CO₂ í / velta þús. ISK



LÍFFRÆÐILEGUR FJÖLBREYTILEIKI OG LANDNOTKUN

Starfsemi Ístaks á rekstrarárinu 2024/25 fól ekki í sér vinnu á svæðum sem teljast viðkvæm sökum líffræðilegs fjölbreytileika samkvæmt alþjóðlegum eða innlendum viðmiðum. Í samræmi við kröfur VSME staðalsins staðfestir félagið að engin svæði sem það á, leigir eða rekur flokkast til viðkvæmra svæða vegna líffræðilegs fjölbreytileika.

Félagið heldur skrá utan um stærðir landsvæða í ótímabundinni notkun. Með hliðsjón af eðli starfsemi félagsins er þ.a.l. um að ræða landnotkun á eigin landi eða landnotkun á leigulandi sem leigt er til eigin reksturs. Um er að ræða lóðir í eigu félagsins að Bugðufljóti 19 og 21 og Breiðabraut 674. Að auki leigir félagið landsvæði til reksturs námuvinnslu í Stapafellsnámu.

Svæði Stapafellsnámu fellur undir skilgreiningu um fjarsvæði vatnsverndar og eru gerðar ríkar kröfur um meðferð frárennslis og spilliefna á svæðinu. Svæðið fellur hins vegar ekki undir skilgreiningu VSME staðalsins um viðkvæmt svæði vegna líffræðilegs fjölbreytileika. Starfsemi á svæðinu skal

uppfylla kröfur Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, tengdra reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem sett eru fram í starfsleyfi félagsins til rekstur námuvinnslunnar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.

HEILDARNOTKUN LANDSVÆÐA

54.189 m²

Bugðufljót 19

9.369 m²

Bugðufljót 21

2.190 m²

Breiðabraut 674


174.000 m²

Stapafellsnáma

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS OG EFNISNOTKUN

Ístak leggur ríka áherslu á ábyrga auðlinda- og efnisnotkun og markvissa meðhöndlun úrgangs. Félagið starfar í mannvirkjagerð þar sem umfang efnisnotkunar og úrgangs er umtalsvert í samanburði við aðrar atvinnugreinar. Því telur félagið mikilvægt að takmarka sóun eftir bestu getu, stuðla að flokkun úrgangs og sýna ábyrgð í nýtingu auðlinda og efna.

Á rekstrarárinu 2024/25 var skráður heildarúrgangur félagsins 1.670 t. Markmið þess er að a.m.k. 80% alls úrgangs sé flokkaður og/eða endurnýttur. Undanfarin ár hefur félagið náð góðum árangri í meðhöndlun úrgangs þegar kemur að flokkun og endurnýtingu en á rekstrarárinu 2024/25 var 79% úrgangs flokkaður og/eða endurnýttur.



Með ríkri áherslu á flokkun úrgangs og háleit markmið þar um auk innleiðingar á hringrásarhugsun innan allrar virðiskeðju félagsins telur það að unnt sé að stuðla að endurnýtingu úrgangs í verulegum mæli og þannig draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi og loftslag frá starfsemi þess. Stjórnendur félagsins telja að félög í sambærilegri starfsemi sýni ábyrgð og innleiði sambærilegar áherslur þegar kemur að hringrásarhagkerfinu og meðhöndlun úrgangs.



Efnisnotkun

Sem fyrirtæki í mannvirkjagerð kaupir og notar félagið aðallega steypu, járn og timbur auk annarra efniskosta sem henta til mannvirkjagerðar hér á landi. Efnisnotkunin er nær undantekningarlaust í þágu verkefna sem félagið tekur að sér fyrir verkkaupa sína.

Á rekstrarárinu 2024/25 keypti og notaði félagið 10.090 m³ af steypu af framleiðendum hér á landi. Félagið hefur hins vegar ekki safnað saman upplýsingum um framleiðsluferli, samsetningu eða efnisvottanir fyrir allri aðkeyptri steypu og er þ.a.l. ekki unnt að gefa heildstæða mynd af áhrifum þeirra efniskaupa umfram uppgengið heildarmagn þess sökum

mismunandi vöruframboðs hvers og eins framleiðanda. Félagið mun á komandi árum leggja aukna áherslu á að safna nákvæmari gögnum um aðkeypta steypu, þannig að upplýsingar í síðari sjálfbærniskýrslum endurspegli betur umfang og umhverfisáhrif efnisnotkunar.

Kaup á steypustyrktarjárnri helst að einhverju leyti í hendur við umfang innkaupa á steypu. Á rekstrarárinu 2024/25 keypti og notaði Ístak 1.231 tonn. af steypustyrktarjárnri. Upplýsingar um kaup á steypustyrktarjárnri eingöngu gefa hins vegar ekki nægjanlega góða yfirsýn yfir umfang innkaupa á járnri og stáli á vegum félagsins, t.d. er varðar kaup þess á stálgrindum og

klæðningum. Líkt og með kaup á steypu sér félagið tækifæri til frekari upplýsingaöflunar um umfang innkaupa þess á stáli og járnri auk utanumhalds um framleiðsluferla og efnisvottanir innkaupanna.

Ístak hefur ekki safnað með markvissum hætti upplýsingum um önnur efniskaup á vegum félagsins og takmarkast upplýsingagjöfin að þessu sinni þ.a.l. við innkaup á steypu og steypustyrktarjárnri með markmið um frekari upplýsingaöflun til nánari upplýsingagjafar í framtíðarskýrslum félagsins.



FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR (S)

MANNAUÐUR
ÖRYGGI OG VINNUVERND

ÍSTAK

Varnagarðar og Svartsengi

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR (S)

Ístak leggur ríka áherslu á að laða að framúrskarandi einstaklinga til starfa enda er mannauður þess grunnstoð félagsins. Ístak leggur ríka áherslu á jákvætt og aðlaðandi starfsumhverfi fyrir allt starfsfólk þar sem því líður vel í sínu starfi, hvort sem það starfar við framkvæmd verkefna, á skrifstofu, í framleiðslueiningum eða á öðrum starfsstöðvum.

Líkt og á við um flest fyrirtæki á sviði mannvirkjagerðar er jöfnun kynjahlutfalla ein helsta áskorun félagsins í mannauðsmálum. Þá felst einnig mikil áskorun í því tryggja öryggi og velferð starfsfólks í ljósi eðli starfsemi félagsins sem fer að stórum hluta fram á verkstöðum á þess vegum. Öryggismál eru því meðal lykiláherslna auk menntunar og fræðslu starfsfólks.



Steypuskáli, Bugðuflyót

MANNAUÐUR

Ársverk rekstrarársins 2024/25 voru 413 (Full Time Equilant) og var langstærstur hluti þeirra unnin af starfsfólki með fastráðningu eða 409,9 sem samsvarar 99,3%. Starfsemin fór að stærstum hluta fram á Íslandi þar sem 446 einstaklingar störfuðu, en til viðbótar störfuðu 11 einstaklingar við verkefni félagsins á Grænlandi.

Ráðningartegundir


Starfsfólk Ístaks skiptist í tvo meginhópa eftir ráðningartegundum sem endurspeglar bæði fjölbreytileikann og breiddina í starfseminni. Starfsfólk á mánaðarkaupi nemur 36% mannauðs og sinnir það aðallega sérfræði- og skrifstofustörfum ásamt lykilhlutverkum í stjórn og verkstýringu. Starfsfólk á tímakaupi, sem eru 64% mannauðs, myndar öflugan kjarna á verkstöðum félagsins og sinnir fjölbreyttum verklegum störfum á vegum félagsins.

Kynjahlutföll


Eins og fyrr greinir eru kynjahlutföll mikil áskorun innan félagsins þar sem 33 einstaklingar, eða 7%, eru konur sem er sama hlutfall og á rekstrarárinu á undan. Hlutfall kvenna er þó breytilegt eftir ráðningartegund þar sem konur eru 17% starfsfólks á mánaðarkaupi en einungis 1% starfsfólks á tímakaupi.

Ístak hefur þó sett sér skýr og metnaðarfull markmið um jöfnun kynjahlutfalla hjá félaginu þar sem konur skulu vera 50% tækninema, 25% tæknifólks og 25% framkvæmdastjórnar.

RÁÐNINGARTEGUNDIR



KYNJAHLUTFÖLL



LAND




Þjóðerni

Upplýsingar um þjóðernisuppruna starfsfólks sýna að Ístak byggir á fjölbreyttum mannauði. Þessi fjölbreytta samsetning endurspeglar sterka fjölmenningu sem ríkir innan vinnuumhverfis félagsins sem er í takti við þróun mannvirkjagerðar á Íslandi í dag.

Aldur

Aldursdreifing starfsfólks er tiltölulega jöfn þar sem 11% einstaklinga eru yngri en 30 ára, 49% eru á aldrinum 30–50 ára og 40% eru 50 ára eða eldri. Meðalstarfsaldur karla hjá Ístaki er 7,2 ár og kvenna 5,1 ár, sem gefur til kynna stöðuga og langvarandi starfsþróun innan félagsins.

Að lokum er meðalaldur starfsfólks 48 ár hjá körlum og 42 ár hjá konum.






Veikindahlutfall

Veikindahlutfall á rekstrarárinu 2024/25 var að meðaltali 4% hjá öllu starfsfólki, þar sem veikindahlutfall starfsfólks á mánaðarkaupi mældist 4,1%, og 3,8% hjá starfsfólki á tímakaupi. Ístak fylgist reglulega með þróun veikindahlutfalls og leggur áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og velferð starfsfólks, m.a. í öryggis- og vinnuverndarstefnu félagsins.

Starfsmannavelta

Heildar starfsmannavelta vegna sl. rekstrarárs var 23,6%, en nokkur munur var á milli hlutfalls veltu vegna starfsfólks á mánaðarkaupi, sem var 9,6%, samanborið við starfsfólk á tímakaupi sem var 30,8%. Þessi munur endurspeglar eðli mannvirkjagerðar þar sem störf á tímakaupi eru oft verkefnatengd og ráðast af því á hvaða stigi verkefni eru stödd, þar sem þörf fyrir sérhæft starfsfólk á tímakaupi


getur verið breytileg eftir framvindu framkvæmda. Þá búa tæplega 50% starfsfólks á tímakaupi erlendis en starfar á Íslandi, á meðan aðeins um 5% starfsfólks á mánaðarkaupi búa ekki á Íslandi. Þessi mikli munur á búsetu getur haft áhrif á veltu starfsfólks, þar sem aukin fjarlægð frá vinnustað og tímabundið starfsumhverfi getur stuðlað að meiri hreyfanleika meðal starfsfólks á tímakaupi.



Launagreining

Allt starfsfólk Ístaks nýtur launakjara sem eru að lágmarki í samræmi við gildandi kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði. Ístak greiðir starfsfólki sínu samkvæmt þeim kjarasamningum sem fyrirtækið er bundið af hverju sinni. Þá er allt starfsfólk með ráðningarsamninga við félagið, hvort sem um er að ræða starfsfólk á tímakaupi eða starfsfólk á mánaðarkaupi, þar sem ráðningarsamningar þeirra eru tengdir þeim kjarasamningum sem um störfina gilda. Jafnlaunavottun félagsins samkvæmt ÍST 85 staðfestir 100% hlítu krafna VSME staðalsins hvað þessar kröfur varðar.

Ístak framkvæmir reglubundna launagreiningu í tengslum við jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85 og miðar laungreining rekstrarársins 2024/25 við laun í október 2024.



Félagið birtir einnig þróun leiðréttis launamunar síðustu þriggja ára sem endurspeglar markvissa vinnu félagsins við að jafna stöðu kynja í sambærilegum störfum sem einnig er í samræmi við markmið jafnlaunavottunar samkvæmt ÍST 85. Í ljósi þróunar á leiðréttum launamun sl. ár hefur Ístak sett sér enn frekari markmið um að draga úr leiðréttum launamun og tryggja að öll frávik séu rökstudd og óháð kyni.

Fræðsla

Ístak leggur mikla áherslu á fræðslu og starfsþróun starfsfólks síns og tryggir þeim aðgang að fjölbreyttum tækifærum til þjálfunar og endurmenntunar. Fræðsla fer ýmist fram sem formleg námskeið á vegum sérhæfðra aðila, innri þjálfun á vegum félagsins, verklagskennsla eða sérhæfð öryggis- og vinnuverndarnámskeið, allt eftir því hvað hentar hverjum hópi starfsfólks hverju sinni.

Þrátt fyrir að fræðsla sé fyrirferðarmikil í starfsemi Ístaks er upplýsingum um fjölda fræðslustunda á hvern einstakling enn ekki safnað á markvissan hátt, m.a. sundurliðað eftir kyni eins og VSME staðallinn gerir kröfu um. Því er ekki unnt að birta samræmanlegar tölur hvað það varðar fyrir rekstrarárið 2024/25 að þessu sinni.


Félagið getur þó upplýst um að stefnt er að því að efla og samræma skráningu fræðslu einstaklinga sem starfa fyrir félagið þannig að það geti birt áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar í komandi sjálfbærnisráðgjafum. Markmiðið með þeirri skráningu er að styrkja yfirsýn yfir fræðslumál, tryggja jöfn tækifæri alls starfsfólks að aðgengi að viðeigandi fræðslu og efla langtíma starfsþróun starfsfólks með markvissum hætti.

Í upphafi hvers árs framkvæmir Ístak starfsánægjukönnun sem lið í því að afla raungagna um líðan starfsfólks í daglegu starfi. Þó svo að ekki sé um kröfu samkvæmt VSME staðlinum að ræða þykir stjórnendum félagsins góð samfella fólgin í því að birta lykilniðurstöður starfsánægjukönnunar sem framkvæmd var í janúar 2025. Félagið telur niðurstöður könnunarinnar marktækar og samanburðarhæfar þar sem svarhlutfall var gott eða 80%.

Þegar spurt var um starfsánægju svöruðu 94% svarenda þá vera ánægða eða mjög ánægða með starfið sitt heilt yfir.


Svarendur sýndu þá háa einkunn í skuldbindingu og metnaði eða 85,4 sem lýsir því að almennt sýnir starfsfólk vilja til að leggja eigin orku í að ná markmiðum félagsins auk þess sem þeir samsami sig gildum félagsins og taka ábyrgð á því að stuðla að árangri þess.

STARFSÁNÆGJA



Starfsánægja mælir heildaránægju starfsfólks með starfið.

Hversu ánægð(ur) ertu að öllu jöfnu með starfið þitt, heilt yfir?



● Mjög ánægð/ur ● Ánægð/ur ● Óánægð/ur ● Mjög óánægð/ur

Hér sést heildaránægja með tilliti til þess hversu mörg prósent hafa gefið jákvæða einkunn fyrir spurninguna um ánægju í heildina. Athugaðu að 4 punkta kvarði hefur verið notaður fyrir þessa spurningu, þar sem ánægðir og mjög ánægðir mynda saman hlutfall jákvæðra svara.

SKULDBINDING OG METNAÐUR

85,4

Skuldbinding og metnaður mælir löngun og vilja starfsfólks til að leggja eigin orku í að ná markmiðum fyrirtækisins. Virkir starfsmenn samsama sig fyrirtækinu, gildum þess og taka ábyrgð á því að stuðla að árangri.

Einkunn fyrir skuldbindingu og metnað er meðaltal af niðurstöðum mælikvarðanna.

ÖRYGGI OG VINNUVERND

Öryggi og vinnuvernd eru meðal ríkra áherslupátta í allri starfsemi Ístaks. Slysafornir leika þar stórt hlutverk auk þess sem áhersla er lögð á að skapa heilbrigt og gott vinnuumhverfi þar sem starfsfólk getur vaxið og tekist á við allar sínar áskoranir í öruggu umhverfi. Áherslur Ístaks í öryggis- og vinnuverndarmálum móta sameiginlegar leikreglur sem er ætlað að vernda allt starfsfólk félagsins, samstarfsaðila, íbúa, vegfarendur og aðra hagaðila auk þess að vernda búnað og umhverfi.

Allir sem erindi eiga inn á vinnusvæði Ístaks fá grunnþjálfun á sviði öryggis-, heilsu- og umhverfisverndar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að þróa leiðir sem auðvelda aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum fyrir alla einstaklinga sem eiga tímabundið erindi inn á vinnustaðinn.

Til að efla öryggismenningu innan félagsins og tryggja lærdóm af frávikum eru þau öll skilmerkilega skráð, hvort sem um er að ræða slys, veikindi, tjón á búnaði, umhverfisatvik eða næstum slys. Skráningin er nýtt til að greina mynstur, forgangsraða umbótum, kortleggja fræðsluþörf, tryggja bætt

verklag og val á búnaði. Sífelld endurskoðun á verklagi og leit að leiðum til úrbóta er hluti af stefnu Ístaks um stöðugar umbætur á sviði öryggis og vinnuverndar.

Í samræmi við kröfur VSME staðalsins birtir Ístak fjölda skráðra fjarveruslys á árinu og slysatiðni þeirra en á rekstrarárinu 2024/25 voru skráð 18 fjarveruslys en ekkert þeirra leiddi til dauðsfalls. Einnig reiknar félagið út tíðni slysa sem leiða til fjarveru² út frá hverjum milljónum unnum vinnustundum (Lost Time Accident LTA). Slysatiðni síðustu ára er hærri en félagið telur ásættanlegt og er hún yfir markmiði þess um 5 á ári samkvæmt framangreindri aðferð útreikninga. Fyrir vikið verður áfram lögð áhersla á að leita leiða til að greina og fyrirbyggja öll slys til að mæta markmiðum félagsins. Í samræmi við áframhaldandi áherslur til lækkunar á slysatiðni voru gerðar breytingar á hlutverki öryggisdeildar á rekstrarárinu 2024/25 þar sem farið var í heildstæða kortlagningu á styrk öryggisstjórnunarkerfis Ístaks sem hluta af stöðugum umbótum.

² Fjarveruslys eru þau slys sem leiða til fjarveru einn dag eða meira auk slysadags.


VINNUSLYS

18

Skráð fjarveruslys


0

Dauðsföll tengd vinnuslysum



STJÓRNARHÆTTIR (G)

STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN
SKIPURIT
REGLUR ER VARÐA STJÓRNARHÆTTI



ÍSTAK

Sæbraut, göngu- og hjólabrú

STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN

Ístak hf. er að fullu í eigu dönsku Per Aarsleff samstæðunnar, líkt og að framan greinir, og er stjórn Ístaks hf. skipuð af fulltrúum hennar.

Forstjóri Ístaks hf. er ráðinn af stjórn og starfar í hennar umboði. Forstjóri fer m.a. fyrir framkvæmdastjórn félagsins sem stýrir stefnumörkun þess í samræmi við stefnu og áherslur hverju sinni. Þá fer framkvæmdastjórn einnig fyrir daglegri starfsemi félagsins.

Bæði stjórn félagsins og framkvæmdastjórn þess leggja ríka áherslu á góða stjórnarhætti með ábyrgð, framsýni og traust að leiðarljósi þar sem stjórnarhættir þess eru í fremstu röð. Sem leiðandi fyrirtæki í mannvirkjagerð á Íslandi vill félagið vera öðrum fyrirtækjum á sama markaði sem fyrirmynd.

STJÓRN ÍSTAKS



Thomas Kofod Bentsen
Stjórnarformaður



Mogens Vedel Hestbæk



Stine Munk Davidsen

FRAMKVÆMDASTJÓRN ÍSTAKS



Karl Andreassen
Forstjóri



Alexander Kristján Guðmundsson
Framkvæmdastjóri fjármála



Gísli H. Guðmundsson
Framkvæmdastjóri bygginga




Hjálmur Sigurðsson
Framkvæmdastjóri mannvirkja



Thomas Skov Jensen
Framkvæmdastjóri innri þjónustu

SKIPURIT

Skipuriti félagsins er að ætlað að spegla eiginlega starfsemi þess. Á rekstrarárinu 2024/25 var skipuriti félagsins breytt við stofnun nýs sviðs, innri þjónusta, en skipulagsbreytingunni var ætlaður sá tilgangur að þjónusta verkefni félagsins í ríkari mæli en áður við rekstur þeirra og undirbúning. Með stofnun sviðsins var komið á fót nýrri framkvæmdastjórastöðu sem ber ábyrgð á rekstri sviðsins, framkvæmdastjóri innri þjónustu, og var Thomas Skov Jensen ráðin til starfsins. Á sama tíma tók framkvæmdastjóri innri þjónustu sæti í framkvæmdastjórn félagsins.



REGLUR ER VARÐA STJÓRNARHÆTTI

Ístak leggur ríka áherslu á að viðhalda starfsmenningu þar sem starfsfólki líður öruggu með að ræða grunsemdir um óeðlilega háttsemi eða mögulega ólöglega starfsemi við sinn næsta yfirmann, sem hefur fengið þjálfun í að taka á móti slíkum ábendingum af fagmennsku og trúnaði.

Félagið getur staðfest að hvorki það né starfsfólk á þess vegum hefur gerst sekt eða dæmt fyrir spillingu og/eða mútugreiðslur. Starfsfólki félagsins er gert að fylgja

siðareglum þess sem kveða á um blátt bann við að þiggja eða veita mútur í hvaða formi sem er og eru stjórnarhættir félagsins með þeim hætti að gerist einstaklingur brotlegur um slíka háttsemi í starfi sínu feli það í sér tafarlausa lausn frá störfum.³

Ístak rekur einnig sérstakt upplýstrunarkerfi sem starfsfólk er eindregið hvatt til að nota, ef upp koma grunsemdir um ólöglega eða óásættanlega háttsemi sem tengist

starfsmönnum, stjórnendum eða birgjum Ístaks. Allir starfsmenn eru sérstaklega hvattir til að nýta það kerfi þegar upp vakna áhyggjur af mögulegri ólöglegri háttsemi, brotum á mannréttindum eða óásættanlegum viðskiptaháttum. Bæði innri og ytri hagaðilar Ístaks geta lagt fram ábendingar nafnlaust í gegnum upplýstrunarkerfið.

³ Upplýsingagjöf félagsins er að varðar spillingu og/eða mútugreiðslur félagsins eða starfsfólks þess eru í samræmi við kröfur VSME staðalsins (B11, 43).



SJÁLFBÆRNIFLOKKUN ESB

ALMENNT UM SKYLDUR FÉLAGSINS
REIKNINGSSKIL SAMKVÆMT
FLOKKUNARREGLUGERÐ ESB

ÍSTAK

ALMENNT UM SKYLDUR FÉLAGSINS

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy) tók gildi á Íslandi þann 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.


Flokkunarreglugerðin er hönnuð til að gera fjárfestum, greiningaraðilum og öðrum hagsmunaaðilum fært að meta hvort fyrirtæki uppfylli skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær í sinni atvinnustarfsemi með einfaldri og gagnsærri upplýsingagjöf og upplýsingaöflun. Reglugerðin veitir sameiginlegt flokkunarkerfi og samræmd hugtök sem gera hagsmunaaðilum kleift að bera saman fjárfestingarkosti sína út frá sjálfbærnivægferð og sjálfbærnifjárfestingum.

Félagið greinir í því skyni frá því hvaða efnahagslega starfsemi þess stuðlar að grænni umbreytingu í samræmi við Flokkunarreglugerðina og skýrir frá því að hve miklu leyti félagið uppfyllir uppgefin viðmið reglugerðarinnar.

Samkvæmt Flokkunarreglugerðinni ber Ístaki skylda til að birta hlutfall veltu, fjárfestinga og rekstrarkostaðar vegna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir. Þá skýrir félagið einnig frá því að hve miklu leyti starfsemi þess sé flokkunarsamhæf.

Ístak hefur greint með hvaða hætti starfsemi fyrirtækisins fellur að flokkunarkerfinu. Atvinnustarfsemi fyrirtækisins sem flokkunarkerfið nær yfir eftirfarandi flokka skv. reglugerð Evrópusambandsins:

- 4.3 Raforkuframleiðsla með vindorku
- 4.5 Raforkuframleiðsla með vatnsafl
- 4.6 Raforkuframleiðsla með jarðvarma
- 5.1 Smíði nýrra bygginga
- 5.12 Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi
- 5.3 Framleiðsla á tæknilausnum með lágt kolefnisspor
- 6.13 Innviðir fyrir gangandi- og hjólandi- vegfarendur
- 7.1 Smíði nýrra bygginga
- 7.2 Endurnýjun bygginga sem fyrir eru



REIKNINGSSKIL SAMKVÆMT FLOKKUNARREGLUGERÐ ESB

Tekjur

Tekjur samsvara heildartekjum eins og þær birtast í rekstrarreikningi. Nefnari samsvarar raun innleystum tekjum hvers félags á rekstrarárinu 2024/25. Tekjurnar eru tilgreindar á verkefnastigi en í því felst að samanlagðar tekjur einstakra verkefna jafngilda heildartekjum starfsþáttarins ásamt þeim hluta sem flokkunarkerfið nær yfir og þeim hluta sem fellur að flokkunarkerfinu.

Hjá Ístaki teljast 85% af samsettum heildartekjum, eða 23,6 af 27,6 milljörðum króna, til verkefna sem falla innan Flokkunarreglugerðar ESB.

Fjárfestingar

Nefnarinn fyrir fjárfestingarkostnað samanstendur af kostnaði sem varðar viðbætur við rekstrarfjármuni og óefnislegar eignir á rekstrarárinu. Teljarinn nær yfir þann hluta fjárfestinga sem teljast hæfar samkvæmt skilgreiningu í framseldum reglugerðum ESB settum á grundvelli Flokkunarreglugerðarinnar, eða er í samræmi við tæknileg matsviðmið hennar og jafngildir þeim hluta fjárfestingakostnaðar sem er tengdur eignum eða ferlum sem varða starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir.

Hjá Ístaki teljast 72% af samsettum fjárfestingum félagsins, eða 397 af 552 milljónum króna, til verkefna sem falla innan Flokkunarreglugerðar ESB.

Rekstrarkostnaður

Nefnarinn fyrir rekstrarkostnað samanstendur af kostnaði sem varðar viðhald og endurbætur eigna. Teljarinn nær yfir þann hluta rekstrarkostnaðar sem er hæfur samkvæmt skilgreiningu Flokkunarreglugerðarinnar eða er í samræmi við tæknileg matsviðmið hennar og jafngildir þeim hluta rekstrarkostnaðar sem er tengdur eignum eða ferlum sem varða starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir.

Ístak byggir á metnaði og hönnun verkefna viðskiptavina sinna og tekur starfsfólk félagsins virkan þátt í samtali við alla aðila til að tryggja að ný verkefni uppfylli öll flokkunarviðmið. Þá þróar starfsfólk félagsins einnig skipulag, verkfæri og ferla til að skjalfesta flokkunarsamhæfi og bæta skimunarferlið.

85% af efnahagslegri starfsemi félagsins, eða 257 af 301 milljón króna, fellur undir skilgreinda starfsemi Flokkunarreglugerðarinnar og er því skráð sem skimunarhæf. Framleiðsluaðstaða félagsins er dæmi um starfsemi sem mun ekki geta talist til sjálfbærrar efnahagslegrar starfsemi þess og mun þ.a.l. aldrei flokkast sem slík samkvæmt Flokkunarreglugerð ESB.



HLÍTNI TAFLA

VSME krafa	Flokkur	Lýsing kröfu	Blaðsíða skýrslu	Fylgni	Athugasemd
B1 - 24	Almennar upplýsingar	Almennar upplýsingar um rekstur	5, 7	Að hluta	NACE flokkun fyrirtækis ekki gefin upp og velta félagsins er gefin upp í ISK en ekki EUR.
B1 - 25	Almennar upplýsingar	Sjálbærnitengdar vottanir og merki	9, 10	Að fullu	Félagið hefur ekki aflað sér sjálfbærnivottana eða -merkja en félagið hefur aflað sér vottana og sett sér stefnur tengdar sjálfbærni.
B2 - 26	Almennar upplýsingar	Sjálfbærnistefnur, -aðgerðir, -vottanir og -markmið	5, 7, 8, 9, 10, 19, 20	Að fullu	
B2 - 27	Almennar upplýsingar	Sjálfbærniáhrif	5, 7, 8, 9, 10, 19, 20	Að fullu	
B2 - 28	Almennar upplýsingar	Tengsl við upplýsingagjöf Comprehensive module	N/A	Á ekki við	Skýrslugjöf byggir alfarið á upplýsingagjöf skv. Basic Module.
B3 - 29	Umhverfispættir (E)	Notkun á orku	21, 22	Að fullu	Notkun gefin upp í einingum lítra, kWh og m³ í stað MWh.
B3 - 30	Umhverfispættir (E)	Losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt umfangi 1 og 2	23, 24	Að fullu	
B3 - 31	Umhverfispættir (E)	Losunarstyrkur gróðurhúsalofttegunda	25	Að fullu	Losunarstyrkur gefinn upp í kgCO ₂ í á móti veltu í þúsundum ISK í stað tCO ₂ í á móti veltu í EUR.
B4 - 32	Umhverfispættir (E)	Mengun á lofti, vatni og jarðvegi	N/A	Á ekki við	Starfsemi félagsins er ekki þess eðlis að upplýsingum sé safnað.
B5 - 33	Umhverfispættir (E)	Starfsemi við eða á svæði sem er viðkvæmt sökum líffræðilegs fjölbreytileika	26	Að fullu	
B5 - 34	Umhverfispættir (E)	Notkun á landsvæðum	26	Að fullu	Landnotkun er gefin upp í m² en ekki hekturum eins og VSME staðallinn gerir ráð fyrir.
B6 - 35	Umhverfispættir (E)	Vatnsnotkun	21, 22	Að hluta	Aðeins er gefin upp notkun á heitu vatni, ekki köldu vatni.
B6 - 36	Umhverfispættir (E)	Vatnsnotkun	N/A	Á ekki við	Á ekki við um starfsemi félagsins.
B7 - 37	Umhverfispættir (E)	Hringrásarhagkerfið	27, 28	Að fullu	
B7 - 38	Umhverfispættir (E)	Meðhöndlun úrgangs	27, 28, 29	Að fullu	
B8 - 39	Félagsþættir (S)	Almennt um starfsmenn og ráðningartegundir	32, 33	Að fullu	
B8 - 40	Félagsþættir (S)	Starfsmannavelta	35	Að fullu	
B9 - 41	Félagsþættir (S)	Öryggi og vinnuvernd starfsmanna	37	Að fullu	
B10 - 42	Félagsþættir (S)	Laun, kjarasamningar og þjálfun starfsmanna	36, 38	Að hluta	Ekki er safnað upplýsingum um fjölda klst. við þjálfun hvers og eins starfsmanns.
B11 - 43	Stjórnarhættir (G)	Spilling og mútur	43	Að fullu	

ÍSTAK